

Ljós og skuggar


Sýningar á byggingarlist samanstanda oftast af ljósmyndum og líkönum ásamt sögulegu yfirliti yfir þróun og staðsetningu viðkomandi viðfangsefnis. Slíkar sýningar eru vissulega þarfar og tengja byggingarlistina daglegu lífi og upplifun okkar af umhverfinu. En sýningar þar sem lögð er áhersla á hugmyndafræði einstakra arkitekta eru ekki margar og mættu vera fleiri því þær gefa raunverulega mynd af þeirri hugmyndavinnu sem liggur að baki hönnun og rammanum sem arkitektum er skapaður.

Byggingarlist

Í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir sýning á verkum þriggja arkitekta: Arnos Lederers, Jórunnar Ragnarsdóttur og Marc Oei. Þau námu öll arkitektúr í Stuttgart og hafa starfað saman síðan 1988. Samstarf Jórunnar og Arnos Lederer hófst þó fyrr eða 1985 þegar þau stofnuðu í sameiningu teiknistofuna sem stendur að sýningunni. Titill sýningarinnar, Úti er ekki inni, inni er ekki úti, segir mikið um þá hugmyndafræði sem liggur að baki hönnun þeirra. Fólk og upplifun þess af rými er aðalútgangspunkturinn. Í þeim tilgangi að skapa hlýju og öryggi hafna þau léttum, opnum rýmum og óhóflegri notkun glers og léttra efna. Segja má að um ákveðið afturhvarf sé að ræða til upphafstíma mórernismans, áður en arkitektar urðu uppteknari af því að nýta sér nýjustu tækni og efni. Var stundum eins og þeir hefðu í nýjungagirninum ekki áttað sig á því að þeir voru að hanna byggingar fyrir manneskjur með mismunandi eiginleika og þarfir.

Með hönnun sinni eru þau Jórunn, Oei og Lederer sem sagt ekki að afmá skilin milli úti og inni heldur að loka hvort um sig af til að skapa skjól og öryggistilfinningu, eða eins og Jórunn Ragnarsdóttir sagði í viðtali við Morgunblaðið 31. ágúst sl.: „...við höfum gegnsæjum arkitektúr sem berskjaldar innra rými og gerir manneskjuna varnarlaus.“

Með aukinni samskiptatækni; tilkomu veraldarvefsins, farsíma, fjarfundabúnaðar o.s.frv. hefur maðurinn orðið berskjaldaðri fyrir áreiti jafnt heima og heiman. Arkitektarnir frá Stuttgart eru að vinna með þessa staðreynd. Með



Líkan af byggingu eftir Arno Lederer, Jóranni Ragnarsdóttur og Marc Oei
Sýningin gefur raunverulega mynd af þeirri hugmyndavinnu sem liggur að baki hönnun og rammanum sem arkitektum er skapaður.

þunglamalegum og mýstískum byggingum telja þau sig vera að svara þörf nútímamannsins fyrir hlýju og öryggi. Líkt og austurríski arkitektinn Adolf Loos (1870-1927) telja þau að ytra rými þurfi og eigi ekki að endurspegla hið innra og hafna því einni af kennisþingum mórernismans um að hús skuli vera „gegnsæ“ í tvennum skilningi, að ytra byrði eigi að endurspegla innri gerð og að flæði skuli vera á milli „úti“ og „inni“. Þrimennningarnir nota því birtuna ekki til að tengja úti við inni heldur

frekar sem tæki í form-sköpuninni. Þungir og þykkir útveggir gefa þeim kost á að nýta sér ljósið til þess að skapa þær andstæður sem þau vilja draga fram.

Á sýningunni eru kynnt nokkur af helstu verkum stofunnar. Skyggnimyndir af byggingum hanga úr lofti sýningarsalarins en sýningargestir geta skoðað teknar myndir fyrir sig í litlum þar til gerðum boxum. Til að undirstrika skilin milli úti og inni hanga myndir sitt á hvað, úti-inni-úti, og er þetta vel útfærð lausn sem bæði nýtir plássið vel og gerir gestum kleift að njóta þeirra án utanaðkomandi sjónrænna áhrifa. Þó að þessar myndir séu afar fallegar og vel teknar hefðu þærri myndir dugað til að koma áhrifunum jafnvel til skila. Hrifnust var ég af trélikönunum sem felld voru inn í vegg eftir miðjum salnum. Þetta er falleg og sniðug lausn sem gefur góða tilfinningu fyrir rýmishönnun arkitekta og hvernig leikur ljóss og skugga hefur áhrif á formköpunina. Að öðru leyti samanstendur sýningin af hefðbundnum ljósmyndum og texta límdum á vegg.

Þessi sýning er hugvitsamlega og fallega upp sett og kemur vel út í sýningar-rýminu á Kjarvalsstöðum þó að hún hafi upphaflega verið sérhönnuð fyrir galleri í Hannover í Þýskalandi. Hún kemur mjög vel til skila hugmyndafræði arkitektanna en spurning er hvort eða hvaða áhrif hugmyndafræði þeirra kemur til með að hafa á íslenska byggingarlist. Hlutverk glerveggja kann að vera mikilvægara fyrir okkur sem búum svo norðarlega en fólk á meginlandi Evrópu. Hér er aukin birta beinlínis nauðsynleg yfir vetrarmánuðina.

Sigríður Björk Jónsdóttir

Sýningunni „Úti er ekki inni, inni er ekki úti“ lýkur 27. október. Kjarvalsstaðir eru opnir alla daga kl. 10-17, miðvikudaga kl. 10-19.



Drottningin í leikritinu í leikritinu.

Leikritið í leikritinu

Í myndatexta á menningarsíðu í gær með umsögn um sýningu Leikfélags Akureyrar á Hamlet var Hildigunnur Þránsdóttir sögð leika „drottninguna í leikritinu“. Þarna átti að standa að hún hefði leikið „drottninguna í leikritinu í leikritinu“, því eins og þeir sáu sem lasu grein Halldóru Friðjónsdóttur leikur Sunna Borg drottninguna í leikritinu, Geirþrúði, móður Hamlets unga. Drottningin sem Hildigunnur leikur er persóna í litilli leiksýningu sem Hamlet setur á svið fyrir móður sína og föðurbróður til að athuga hvernig sviðsetning á meintu morði föður hans orkar á föðurbróðurinn. Sú sýning dregur vandan dilk á eftir sér eins og margir minnst.

Blandað aftur í svartan dauðann

Á morgun, 2. október, eru liðin tíu ár frá andláti Steinars Sigurjónssonar rithöfundar. Af því tilefni munu vinir hans koma saman þann dag á Gauki á Stöng (efri hæð) og blanda aftur í svartan dauðann. Þeir sem rifja upp kynni sín af Steinari og verkum hans eru meðal annarra Ásdís Kvaran, Bernard Scudder, Bjarni Þórarinnsson, Gyflí Gíslason, Guðbergur Bergsson, Einar Kárason, Eyvindur Erlendsson, Hafsteinn Austmann, Jón Proppé, Karl Guðmundsson, Kristbjörg Kjeld, Magnús Pálsson, María Kristjánsdóttir, Megas, Ólafur Gunnarsson, Ólafur Páll Sigurðarson, Sigurður A. Magnússon, Stefán Jónsson, Una Margrét Jónsdóttir, Þorri Jóhannsson, Þorsteinn Antonsson, Þorsteinn frá Hamri og Þröstur Helgason. Eftir auglýsta dagskrá verður orðið gefið laust og velkomið að minnst skáldsin. Atburðurinn verður hljóðritaður og tekinn upp á myndband. Dagskráin hefst kl. 20.30 og eru allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Spor mín og vængir

Sjálfur Deus hefur gefið út ljóðabókina Spor mín og vængir eftir Bjarna Bernharð með úrvali úr ljóðum Bjarna og áður óbirtum ljóðum.

Eldri ljóð bókarnar hafa stundum verið flokkuð sem „sýruhausabókmenntir“ en þau komu fyrst út á 8. og 9. áratug síðustu aldar í bókunum Maurabóðið, Rimma o.fl. En Bjarni velur vel úr þeim, sleppir flestum hinum villtustu en leyfir lifandi sýrrealískum myndum að standa eftir, til dæmis „Stríðsguði“ úr Ljóðfór á hendur Grásteini (1979):

Þar sást til hans síðast
í urðinni vestanverðri
slaga áveðurs á tindinn.

Nú sitja dömur við
með stramma handa á milli
og krosssauma í dúkinn
mynd af dýrlingi.

Þar sést hann.
Ungur maður með ljóst
lióð há
krýpur við sýrualtarið
og tendrar chillumi.

Einnig birtast í þessu safni í fyrsta sinn fangelsisljóð Bjarna, og gefur bókina því glögga mynd af ferli Bjarna og þróun í ljóðagerð hans.

Bókin er 63 bls. og kostar kr. 1.480 í öllum helstu bókabúðum. Hægt er að panta hana á sérkjörum í tölvupósti á netfanginu deus@uymail.com. Kápu mynd er eftir Bjarna Bernharð.

Málþing um heimspeki

Í kvöld kl. 20.30 verður málþing í Reykjavík Akademíunni í tengslum við væntanlega útkomu nýrrar bókar í ritróðinni Atvik sem ber heitið Heimspeki verðandinnar og Geir Svansson ritstýrir. Pallborð málþingsins skipa Hjálmar Sveinsson, Margrét Elísabet Ólafsdóttir, Hjörleifur Finnsson, Halldór Gíslason og Halldór Björn Runólfsson.

Barnalist til útflutnings

– Barna- og unglíngadeild Myndlistaskólans í Reykjavík tekur þátt í norrænni grafíksýningu í Finnlandi

Í tilefni af 20 ára afmæli Samtaka myndlistaskóla fyrir börn og unglíngi í Finnlandi hefur Myndlistaskólanum í Reykjavík verið boðin þátttaka í norrænni grafíksýningu barna í Finnlandi sem verður opnuð á fimmtudaginn, 3. október. Á sýningunni verða verk eftir unga nemendur myndlistaskóla frá Norðurlöndunum öllum. Myndlistaskólinn í Reykjavík er eini fulltrúi Íslands á sýningunni og voru íslensku verkin á sýningunni unnin síðastliðinn vetur af nemendum barna- og unglíngadeildar skólans. Tveimur fulltrúum Myndlistaskólans í Reykjavík er boðið til Finnlands til að vera við opnun sýningarinnar og til að taka þátt í listasmíðjum fyrir kennara í myndlistaskólum á vegum Samtaka myndlistaskóla sem skipulagðar eru í tengslum við sýninguna.

Samtök myndlistaskóla í Finnlandi (Förbundet för konstskolor för barn och unga i Finland) eru mjög öflug og njóta styrkja sveitarfélaga og finnska menntamálaráðuneytisins. Myndlistaskólar fyrir börn starfa í borgum og bæjum um allt Finnland og



Það er rosalega gaman að teikna og mála
Brautryðjendastarf í listkennslu 3-5 ára barna hefur verið unnið í Myndlistaskólanum í Reykjavík síðan 1999.

er mikil alúð lögð í starfseminu. Finnar eru sér meðvitandi um mikilvægi menntunar í sjónrænum greinum, ekki síst grunnmenntunar fyrir börn og unglíngi, og voru sérstök lög um myndlistaskóla sett í Finnlandi fyrir um 25

árum. Árangurinn er auðsær, ekki síst í hönnun, en Finnar eru heimsþekktir fyrir hönnun sína.

Þróun listkennslu 3-5 ára barna

Myndlistaskólinn í Reykjavík átti frumkvæði að því að setja af stað verkefni um þróun kennslu fyrir 3-5 ára börn árið 1999. Verkefnið er unnið í samvinnu við einn leikskóla borgarinnar, Dvergastein við Seljaveg, og hafa þróunarsjóður Dagvistar barna og menntamálaráðuneytið styrkt verkefnið.

Verkefni á þessu sviði hefur ekki verið unnið áður hér á landi og hafði kennsla í barna- og unglíngadeild skólans fram að því miðast við aldurinn 6-16 ára. Verkefnið um listkennslu í myndlistaskóla fyrir 3-5 ára börn hefur víða vakið athygli og það verður eitt af þeim verkefnum sem kynnt verða sérstaklega á 6. málþingi Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands á laugardaginn kemur. Málþingið er öllum opið.